

Hópur 1:

- Svæðisskipulagið stirt og flókið ferli – millistig sem er óþarft.
- Ættum að horfa til samstarfsins á þessum vettvangi sem hefur gengið vel.
- Frekar að vinna að þessum verkefnum í gegnum SSNE eða leggja meiri áherslu á aðalskipulag og fækka og stækka sveitarfélög.

Hópur2:

- Getur haft kosti að hafa sameiginlegt svæðisskipulag en því fylgja einnig ókostir – dýrt í þróun og rekstri, málin geta orðið þyngri í vöfum.
- Þegar komið er sameiginlegt svæðisskipulag – hver á að sjá um það og fylgja því eftir, hvert er eignarhaldið?
- Getur dregið fram núningsfleti sem eru innan héraðs eða á milli svæða.
- Svæðisskipulag tekur ekki gildi nema öll sveitarfélög sem koma að því samþykki það (sveitarfélög hafa neitunarvald) - e.t.v. búið að leggja í mikla vinnu sem svo verður ekkert af.
- Ef til er skipulagslýsing þá getur það auðveldað okkur að vinna stefnu á grunni hennar – t.d. stefna í atvinnu- eða samgöngumálum.

Hópur 3:

- Leggja niður svæðisskipulag.
- Frekar að stefna að sameiningu sveitarfélaga og styrkja þannig aðalskipulögin.
- Mögulegt að ná sameiginlegum og samræmanlegum áherslum í gegnum samstarf með SSNE og í gegnum sóknaráætlun.

Hópur 4:

- Ekki hafa sameiginlegt svæðisskipulag – yrði of þung.
- Samráð og samræða gæti hjálpað í því sem við erum að gera.
- Í samgöngumálum gætu menn t.d. komist að sameiginlegum niðurstöðum með því að eiga sameiginlega hagsmuni (til styttri tíma) – ekki ákveða mjög langt fram í tímann.
- Sama með landnýtingu – þar fara hagsmunir ekki endilega alltaf saman.
- Atvinnumál eiga ekki alltaf samhljóm.

Hópur 5:

- Svæðið of stórt til að vera með sameiginlegt svæðisskipulag - lakari leið að hafa sameiginlega stefnu í málaflokknum.
- Leggja svæðisskipulagið af – í höndum sveitarfélaga að sameina og stækka sveitarfélög ef vilji er fyrir hendi.